

Byggðastofnun  
Hjalti E. Árnason forstöðumaður lögfræðisviðs  
Sauðármýri 2  
550 Sauðárkróki

Reykjavík, 15. apríl 2026

## Efni: Óskir Íslandspósts um fjárframlag vegna erlendra bréfa og gjaldskráreftirlit Byggðastofnunar

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til ársreiknings Íslandspósts, sem birtur var á vef fyrirtækisins fyrir skemmstu. Í skýrslu stjórnar og forstjóra með reikningnum segir m.a.:

*Samningur [r]íkisins við alþjóða póstsamfélagið kveður á um að félagið skuli dreifa öllum sendingum sem koma erlendis frá. Ekki fylgir þessum skyldum endurgreiðsla frá ríkinu en dreifing óskráðra bréfa sem koma erlendis frá [er] mikil byrði fyrir félagið. Óskaði félagið eftir því við eftirlitsaðilann að fá það bætt fyrir rekstrarárið 2026 en því erindi er ósvarað.*

Í viðtali, sem Morgunblaðið tók við Þórhildi Ólöfu Helgadóttur forstjóra Íslandspósts í framhaldi af birtingu ársreikningsins, og birtist 4. apríl sl., segir forstjórinn að óskráð bréf séu „bréf sem innihaldi gögn en ekki vörur“. Spurningu blaðsins, um það hvers vegna Íslandspóstur leggi ekki sérstakt gjald á erlendar bréfasendingar, í samræmi við það sem lög um póstpjónustu heimila, svarar forstjórinn þannig að „sendingargjald sé lagt á erlendar bréfasendingar sem innihalda vörur.“

### Breytingar á póstlögum með lögum 23/2019

FA á erfitt með að sjá að beiðni Íslandspósts til Byggðastofnunar (eftirlitsaðilans) um bætur vegna taps á dreifingu erlendra bréfasendinga eigi sér nokkra stoð í póstlögnum. Rétt er að rifja upp að gerð var breyting á þágildandi póstlögum árið 2019, með lögum nr. 23/2019, en þar var rekstrarleyfishafa heimilað að setja gjaldskrá fyrir erlendar póstsendingar, sem mæti raunkostnaði við sendingarnar. Breytingar sem gerðar voru með lögnum voru m.a. þær að kveðið var skýrt á um að íslensk póstlög gengju framar alþjóðaskuldbindingum á sviði póstmála og taka bæri mið af óbættum raunkostnaði við gjaldtöku vegna erlendra póstsendinga, óháð ákvæðum um endastöðvarsamninga. Jafnframt var með lögnum bætt inn í póstlögin ákvæði um að rekstrarleyfishafi gæti ekki farið þess á leit við Póst- og fjarskiptastofnun, sem þá fór með eftirlit á póstmarkaði, að honum yrði með fjárframlögum tryggt endurgjald fyrir þjónustu vegna erlendra póstsendinga.

### Ákvæði nógildandi laga

Þessi ákvæði færðust meira og minna efnislega óbreytt inn í nógildandi póstlög, nr. 98/2019. Þannig segir í 7. mgr. 12. gr.: „Þrátt fyrir 1. mgr. getur póstrekandi sem er útnefndur, sbr. 11. gr., ekki farið þess á leit að honum verði með fjárframlögum tryggt endurgjald fyrir þjónustu vegna erlendra póstsendinga, sbr. 3. og 10. mgr. 17. gr.“

Í 3. mgr. 17. gr. segir: „Gjaldskrár fyrir alþjónustu, þar á meðal gjaldskrár vegna erlendra póstsendinga, skulu taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði.“ Í 10. mgr. 17. gr. segir: „Gjald sem alþjónustuveitanda er heimilt að leggja á erlendar póstsendingar skv. 3. mgr. skal greitt af viðtakanda sendingar.“ (Leturbreyting undirritaðs).

Póstsending er í 17. tl. 4. gr. skilgreind þannig að hún sé bréf upp að 2 kg og auk þess bækur, verðskrár, dagblöð, tímarit og pakkar upp að 20 kg sem innihaldi einhvern varning hvort sem hann er einhvers virði eða ekki. Ekki fer milli mála af skýringum við frumvarpið, sem varð að nógildandi póstlögum (270. mál á 149. löggjafarþingi) að bréf, upp að 2 kg., teljast til póstsendinga.

Í 4. mgr. 17. gr. segir: „Byggðastofnun] er heimilt að krefjast þess að alþjónustuveitandi geri grein fyrir kostnaðargrundvelli gjaldskrár fyrir þjónustu innan alþjónustu. Alþjónustuveitandi skal að því er varðar gjaldskrár vegna erlendra póstsendinga gera Byggðastofnun grein fyrir kostnaðargrundvelli gjaldskrár eigi síðar en fimm virkum dögum áður en hún tekur gildi.“

Frumvarpið, sem varð að nógildandi póstlögum, innihélt upphaflega ákvæði um að 3. mgr. 17. gr. skyldi orðast svo: „Gjaldskrár fyrir alþjónustu, þar á meðal gjaldskrár vegna **pakkasendinga** til landsins, skulu taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði. Gjaldskrár skulu vera auðskiljanlegar og gæta skal jafnræðis og tryggja gagnsæi.“ (Leturbreyting undirritaðs.) Þessu ákvæði var breytt í meðförum þingsins til núverandi orðalags og ætti því ekki að fara á milli mála að vilji löggjafans var sá að það tæki til allra erlendra póstsendinga, hvort sem þær eru bréf eða pakkar og hvort sem þær innihalda vörur eða „gögn“.

#### Umfjöllun umhverfis- og samgöngunefndar

Í umfjöllun í nefndaráliti meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar um frumvarpið kemur eftirfarandi fram:

*Líkt og nefndin lagði til í breytingartillögu sinni við framangreint mál [739. mál 149. löggjafarþings, sem varð að lögum nr. 23/2019] er m.a. lagt til að kveðið verði á um það í 4. mgr. 17. gr. að alþjónustuveitandi skuli gera Póst- og fjarskiptastofnun grein fyrir kostnaðargrundvelli gjaldskrár vegna erlendra póstsendinga eigi síðar en fimm virkum dögum áður en hún tekur gildi. **Póst- og fjarskiptastofnun beri því að hafa fyrir fram eftirlit með því að gjaldskráin taki mið af þeim óbætta raunkostnaði sem rekstrarleyfishafi gerir ráð fyrir að hljótist af erlendum póstsendingum.** (Leturbreyting undirritaðs)*

Byggðastofnun hefur nú tekið við hlutverki Póst- og fjarskiptastofnunar. Það liggur því algerlega skýrt fyrir að það er hluti af eftirlitshlutverki Byggðastofnunar samkvæmt lögum að fylgjast með gjaldskrá Íslandspósts vegna erlendra sendinga og tryggja fyrirfram að hún taki mið af óbættum raunkostnaði við dreifingu erlendra póstsendinga.

#### Hvorki alþjónustuveitandinn né eftirlitsstofnunin fara að lögum

Víkjum þá aftur að umfjölluninni í skýrslu stjórnar og forstjóra Íslandspósts. Ef það er svo að Íslandspóstur tapi háum fjárhæðum á dreifingu erlendra bréfa, hefur fyrirtækið ekki farið að því ákvæði póstlaganna að gjaldskrár fyrir alþjónustu, þar á meðal gjaldskrár vegna erlendra póstsendinga, skuli taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði. Byggðastofnun hefur þá ekki heldur rækt eftirlitshlutverk sitt, sem felst m.a. í því að ganga úr skugga um það fyrirfram að gjaldskrá vegna erlendra póstsendinga taki mið af óbættum raunkostnaði.

Nú eru póstlögin skýr um það að Íslandspóstur getur ekki krafizt fjárframlaga vegna taps á erlendum sendingum, sbr. ákvæði 7. mgr. 12. gr. sem vitnað var til hér að framan. FA furðar sig þess vegna á að fram skuli koma í skýrslu stjórnar og forstjóra að erindi félagsins um slík fjárframlög sé ósvarað af hálfu Byggðastofnunar. Svarið ætti að liggja í augum uppi og vera fljótafgreitt.

Það vakti athygli FA að forstjóri Íslandspósts neitaði að svara því í Morgunblaðinu hvaðan þær sendingar kæmu, sem yllu hinni þungu byrði fyrir fyrirtækið og vildi ekki heldur tilgreina hvert magn hinna erlendu sendinga væri, sem orsökuðu svo mikið tap. Ekki verður hjá því komizt að gera athugasemd við að slíkar upplýsingar þoli ekki dagsljósið. Þá skal það ítrekað að mikilvægt er að fjármunir skattgreiðenda séu ekki, með ólögumætum hætti, nýttir til að fjármagna sókn Íslandspósts á samkeppnismarkaði með undirverðlagningu og tilheyrandi taprekstri. Þar þjónar Byggðastofnun þýðingarmiklu hlutverki, enda er henni falið eftirlit með samkeppni á póstmarkaðnum.

FA óskar svara við eftirfarandi spurningum:

1. Í hvaða ferli er beiðni Íslandspósts um framlag vegna byrði af erlendum póstsendingum?
2. Hvenær má vænta þess að Byggðastofnun svari erindi Íslandspósts?
3. Með hvaða hætti hefur Byggðastofnun sinnt því lögbundna eftirliti sínu með gjaldskrá Íslandspósts fyrir erlendar sendingar að ganga úr skugga um það fyrirfram að hún taki mið af óbættum raunkostnaði vegna þeirra?

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen  
framkvæmdastjóri FA

Afrit:  
Innviðaráðuneytið  
Pétur Halldórsson stjórnarformaður Íslandspósts  
Eftirlitsstofnun EFTA